

Námsáætlun og leslisti í lífrænni efnafræði og lífefnafræði

Námsáætlun og leslisti eru birt með fyrirvara um breytingar sem geta átt sér stað.

Kennslugögn

- Essentials of Chemistry. An introduction to general, organic and biological chemistry. Customised Icelandic edition, volume two. Höfundur: Karen C. Timberlake.
- Ítarefni (glærur) sem verður dreift á námskerfið Innu.

Fjallað verður um helstu flokka lífrænna efna og gefin innsýn í nafnakerfi og helstu efnahvörf. Sömuleiðis verður fjallað um meginflokka lífefna, s.s. prótein, fituefni, sykrur og frumuöndun. Áfanginn er einkar góður undirbúningur fyrir frekara nám í lífrænni efnafræði og lífefnafræði, og einnig námi í heilbrigðisgreinum eins og t.d. lækisfræði, hjúkrunarfærði og lyfjafræði.

Kennsluhættir

Lífræn efnafræði og lífefnafræði er kennd með fjórum bóklegum kennslustundum á viku. Auk þess eru tvær verklegar kennslustundir aðra hverja viku.

Teknir verða fyrir kaflar 10-18, í bókinni „Essentials of Chemistry. An introduction to general, organic and biological chemistry. Customised Icelandic edition, volume two“. Einnig er tekið fyrir ítarefni sem kennari dreifir á námsvef.

Kennarinn fer yfir námsefnið með spurningum og umræðum við nemendur. Nemendur eiga að kynna sér námsefnið fyrir hvern tíma þannig að þeir geti svarað spurningum, rætt um þau viðfangsefni sem verið er að fjalla um og leyst verkefni sem kennarinn setur fyrir. Dæmatímar verða reglulega og skilaverkefni sett fyrir.

Verklegt

Tvær verklegar kennslustundir eru aðra hverja viku í tilraunastofu.

Nemendur eiga að búa sig vel undir verklega tíma. Tveir nemendur vinna saman við gerð tilraunar, þeir eiga að koma sér saman um verkskiptingu og sýna gott verklag og virkni. Þeir eiga að ljúka tilrauninni í tímanum.

Nemendur eiga að nota öryggisbúnað og fylgja öryggisreglum og ganga vel frá bæði efnum og áhöldum að tilraun lokinni.

Hver nemandi heldur verkbók (dagbók) um tilraunavinnu. Í verkbókina skal skrá á skipulegan hátt allar athuganir í tengslum við tilraunina sem og mæliniðurstöður. Í verkbókina skal sömuleiðis festa inn viðbótargögn sem geta fylgt tilraunum.

Námsmat

Skrifleg hlutapróf verða tvö á hvoru misseri. Mæti nemandi í **öllum** skrifleg hlutapróf skólaársins, er lægsta einkunnin felld út og ekki reiknuð inn í árséinkunn. Próf úr námsefni haustmisseris verður um jólin en prófað er úr námsefni vorannar að vori. Árséinkunn er gefin eftir frammistöðu nemenda í skriflegum hlutaprófum, almennri frammistöðu og virkni í tímum, frammistöðu og skil í verklegum tímum og vinnu við skilaverkefni sem og önnur verkefni.

Árséinkunn gildir 50% á móti stúdentsprófi og er henni skipt þannig: Jólapróf vegur 25%, skriflegar æfingar vega 30%, verkleg efnafræði vegur 25%, önnur verkefni, s.s. skiladæmi og mat kennarans 20%.

Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í **ALLA** verklega tíma og skili verkefnum í tengslum við þá. Ef nemandi sækir ekki a.m.k. 80% verklegra æfinga og/eða skilar ekki a.m.k. 80% skýrslna fær hann 0 í matsþætti kennara og 0 í verklegum þætti árséinkunnar.

Kennari áskilur sér allan rétt til að breyta námsáætlun ef þurfa þykir.

Kafli	Helstu efnisatriði og markmið
<p><u>10. kafli: Kynning á lífrænni efnafræði: Alkanar</u></p> <p>10.1 Lífræn efnasambönd. 10.2 Alkanar. 10.3 Greinóttir alkanar. 10.4 Sleppa. 10.5 Virkir hópar. Ítarefni við 10.kafli: Svigrúmablöndun.</p>	<p>10.1 Svigrúmablöndun (sp^3, sp^2, sp)</p> <ul style="list-style-type: none">• Geta merkt við svigrúmablönduð kolefni.• Þekkja hvað einkennir hverja svigrúmalögun fyrir sig.• Geta teiknað þrívíðar sameindir. <p>10.2 Alkanar og cycloalkanar</p> <ul style="list-style-type: none">• Sameindarformúlur.• Byggingarísómerur.• Greinótt kolefnisatóm. <p>10.3 Nöfn greinóttra alkana og nöfn greinóttra cycloalkana</p> <ul style="list-style-type: none">• Nafnakerfi.• Cis og trans rúmísómerur í cycloalkönun. <p>10.5 Virkir hópar</p> <ul style="list-style-type: none">• Geta merkt við og nefnt helstu virka hópa.• Geta teiknað sameindir sem hafa ákveðna virka hópa.
<p><u>11. kafli: Ómettuð kolvetni</u></p> <p>11.1 Alkenar og alkýnar. 11.2 Cis-Trans ísómerur. 11.3 Álagningarhvörf. 11.4 Fjölliður alkana. 11.5 Arómatísk efnasambönd. Ítarefni við 11.kafli: Hvarfgangar við álagningarhvörf.</p>	<p>11.1 Alkenar og alkýnar</p> <ul style="list-style-type: none">• Nafnakerfi. <p>11.2 Cis og transísómerur</p> <ul style="list-style-type: none">• Cis og trans ísómerur í alkenum. <p>11.3 Efnahvörf alkana</p> <ul style="list-style-type: none">• Tegund efnahvarfa• Kjarnsækjar / Rafsækjar• Notkun örva í hvarfgöngum• Álagningarhvörf alkana<ul style="list-style-type: none">○ HX á alkana<ul style="list-style-type: none">▪ Markovnikov reglan○ H_2O á alkana<ul style="list-style-type: none">▪ Markovnikov reglan○ X_2 á alkana<ul style="list-style-type: none">▪ Anti álagning○ H_2 á alkana<ul style="list-style-type: none">▪ Syn álagning <p>11.4 Fjölliður</p> <ul style="list-style-type: none">• Myndun vínýl fjölliða úr einliðum. <p>11.5 Arómatísk efnasambönd</p> <ul style="list-style-type: none">• Eiginleikar benzens• Nafnakerfi benzens

<p><u>12. kafli: Lífræn efna-sambönd sem innihalda súr-efni (og brennistein)</u></p> <p>12.1 Alkóhól, fenól og eter. 12.2 Eiginleikar alkóhóla og fenóla. 12.3 Sleppa. 12.4 Aldehyð og ketónar. 12.5 Sleppa. 12.6 Hendni.</p>	<p>12.1 Alkóhól, fenól og eterar</p> <ul style="list-style-type: none">• Bygging og nafnakerfi þessara flokka. <p>12.2 Eiginleikar alkóhóla, fenóla og etera</p> <ul style="list-style-type: none">• Flokkun alkóhóla (1°, 2° og 3°).• Helstu eiginleikar þessara efna, t.a.m. möguleiki á vetnistengjum. <p>12.4 Aldehyð og ketón</p> <ul style="list-style-type: none">• Bygging og nafnakerfi þessara flokka. <p>12.6 Hendni</p> <ul style="list-style-type: none">• Að finna og merkja hendin kolefni í sameindum.<ul style="list-style-type: none">○ Handhverfur.
<p><u>14. kafli: Karboxýlsýrur, Esterar, amín og amíð</u></p> <p>14.1 Karboxýlsýrur 14.2 Sleppa 14.3 Ester 14.4 Amín 14.5 Amíð</p>	<p>14.1-14.5: Karboxýlsýrur, Ester, amíð og amín</p> <ul style="list-style-type: none">• Nafnakerfi þessara hópa.• Helstu eiginleikar þessara hópa.• Byggingarísómerur.<ul style="list-style-type: none">○ Sameindir sem hafa sömu sameindarformúlu en ólíka röðun atóma.
<p><u>13. kafli: Sykrur</u></p> <p>13.1 Sykrur 13.2 Fischer myndir 13.3 Hringbyggingar einsykra 13.4 Sleppa 13.5 Tvísykrur 13.6 Fjölsykrur</p>	<p>13.1: Sykrur</p> <ul style="list-style-type: none">• Myndun, flokkun og helstu hlutverk.• Flokkun einsykra.<ul style="list-style-type: none">○ D/L , Aldó-/Ketó- , fjöldi kolefna , -ósi. <p>13.2: Fischer myndir</p> <ul style="list-style-type: none">• Teikning Fischer mynda.• D / L sykrur.• Fjöldi sykra í hverjum flokki.<ul style="list-style-type: none">○ 2^n• Epímerur <p>13.3: Hringbyggingar einsykra</p> <ul style="list-style-type: none">• Teikna einsykrur í pýranósaform.• Teikna einsykrur í fúranósaform.• α / β – anómerur.• Teikna Fischer myndir af sykrum út frá pýranósa- eða fúranósaformi. <p>13.5: Tvísykrur</p> <ul style="list-style-type: none">• Teikna tvísykrur.• Segja til um gerð glýkósíðtengis.• Teikna Fischer myndir af sykrum út frá pýranósa- eða fúranósaformi.• Þekkja algengustu tvísykrurnar. <p>13.6: Fjölsykrur</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja helstu eiginleika sellulósa, sterkju og glýkógens.

	<ul style="list-style-type: none">• Segja til um gerð glýkósíðtengis.
<p><u>16. kafli: Prótein</u></p> <p>16.1 Prótein og amínósýrur 16.2 Amínósýrur sem sýrur og basar 16.3 Myndun peptíða 16.4 Próteinbygging 16.5 Ensím</p>	<p>16.1: Prótein og amínósýrur</p> <ul style="list-style-type: none">• Helstu hlutverk próteina.• Bygging amínósýra. <p>16.2: Amínósýrur sem sýrur og basar</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja mun á byggingu amínósýru á hlutlausu formi og á Zwitterjónaformi (tvíjónaformi).<ul style="list-style-type: none">○ NH₂ og COOH endar / NH₃⁺ og COO⁻ endar○ Jafnhleðslupunktur, pI, amínósýra.• Teikna byggingu amínósýra við mismunandi sýrustig.<ul style="list-style-type: none">○ Nota sýrufasta (pKa) gildi amínósýra til þess að ákvarða hvort N-endi, C-endi og R-hópar (sumir) hafi prótónu (H⁺) eða ekki.○ Ákvarða heildarhleðslu amínósýra við ákveðið sýrustig. <p>16.3: Myndun peptíða</p> <ul style="list-style-type: none">• Eiginleikar peptíðtengja/amíðtengja.• Teikna peptíð m.v. gefna amínósýruröð.• Ákvarða amínósýruröð peptíða. <p>16.4: Bygging próteina</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja byggingarstigin fjögur.• Þekkja helstu eiginleika α-helixa, β-flata og þrefalda helixsins.• Þekkja þætti sem eru mikilvægir fyrir stöðugleika próteina og 3^o byggingu þeirra.<ul style="list-style-type: none">○ Eðlissvipting próteina.○ Þekkja þætti sem eðlissvipta próteinum. <p>16.5: Ensím</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja helstu eiginleika ensíma.• Þekkja einfalda byggingu ensíma.<ul style="list-style-type: none">○ Hvarfset, Hrifilset, Apoensím, kófaktor/kóensím, Holoensím.• Vita hvað kófaktorar/kóensím eru.• Hvarfhindrar<ul style="list-style-type: none">○ Samkeppnishindrar / Ekki-samkeppnishindrar.<ul style="list-style-type: none">▪ Þekkja lítillaga.
<p><u>15. kafli: Fituefni</u></p> <p>15.1 Lípíð 15.2 Fitusýrur 15.3 Vax, fitur og olíur 15.4 Efnaeiginleikar þríglýseríða 15.5 Fosfólípíð</p>	<p>15.1: Lípíð (fituefni)</p> <ul style="list-style-type: none">• Helstu hlutverk lípíða.• Helstu flokkar lípíða. <p>15.2: Fitusýrur</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja byggingu og einkenni fitusýra.<ul style="list-style-type: none">○ Mettaðar fitusýrur.○ Ómettaðar fitusýrur.• Kunna að tákna fitusýrur og teikna fitusýrur.

<p>15.6 Sterar: Kólesteról, gallsölt og sterahormón</p>	<ul style="list-style-type: none">○ Delta (Δ) kerfið.○ Omega (ω) kerfið.• Þekkja byggingu prostaglandína og helstu hlutverk. <p>15.3: Vaxefni, fitur og olíur</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja byggingu og eiginleika vaxefna.<ul style="list-style-type: none">○ Geta teiknað byggingu vaxefna.• Þekkja byggingu og eiginleika þríglýseríða.<ul style="list-style-type: none">○ Geta teiknað þríglýseríð. <p>15.4: Efnahvörf þríglýseríða</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja vetnun og notagildi hennar.• Þekkja sápun og virkni sápu.<ul style="list-style-type: none">○ Geta teiknað efnahvarf sápunar.○ Geta teiknað sápusameind.○ Þekkja eiginleika og virkni sápu. <p>15.5 Fosfólípíð</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja byggingu fosfólípíða og hlutverk þess. <p>15.6 Sterar: Kólesteról, gallsölt og sterahormón</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja byggingu stera.• Þekkja byggingu kólesteróla og helstu hlutverk þess.• Þekkja byggingu gallsalta og helstu hlutverk þess.• Þekkja helstu flokka sterahormóna og helstu hlutverk þeirra.
<p><u>17.kafla er sleppt</u></p>	<p>17.kafla er sleppt.</p>
<p><u>18. kafli: Efnaskiptaferlar og orkumyndun</u></p> <p>18.1 Efnaskipti og ATP orka 18.2 Melting fæðu 18.3 Kóensím í efnaskiptaferlum 18.4 Glýkólýsa 18.5 Sítrónusýruhringur 18.6 Rafeindaflutningur og oxunarfosfórun</p>	<p>18.1: Efnaskipti og ATP orka</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja hugtökin efnaskipti, sundrunarferlar og myndunarferlar.• Þekkja skiptingu sundrunarferla í þrjú stig.• Þekkja ATP sameindina og virkni hennar. <p>18.2: Melting fæðu</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja hvar og hvernig melting fjölsykra, fitu og próteina hefst. <p>18.3: Kóensím í efnaskiptaferlum</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja hvernig hugtökin oxun og afoxun eru notuð fyrir lífræn efni.• Þekkja kóensímið NAD og oxað og afoxað form þess (NAD⁺ / NADH).• Þekkja kóensímið FAD og oxað og afoxað form þess (FAD / FADH₂).• Þekkja kóensím A og hlutverk þess. <p>18.4: Glýkólýsa</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja glýkólýsuferlið og útkomuna úr því.• Þekkja feril pýruvats við loftháðar aðstæður. <p>18.5: Sítrónusýruhringur</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja ferli sítrónusýruhrings og útkomuna úr honum.

	<p>18.6: Rafeindaflutningur og oxunarfosfórun</p> <ul style="list-style-type: none">• Þekkja rafeindaflutningkeðjuna og útkomuna úr henni.• Þekkja oxunarfosfórun og útkomuna úr henni.
--	--